






Árshlutauppgjör 2F 2024

29. ágúst 2024






- **Rekstrarhagnaður (EBIT)** á fyrstu 6 mánuðum ársins nam 169 m.kr. Tap eftir skatta 339 m.kr.
- Heildartekjur 11.416 m.kr. á fyrstu 6M ársins samanborið við 11.493 m.kr á sama tímabili í fyrra. Lækkun í IoT tekjum og minni búnaðarsala hjá Endor hefur áhrif á tekjuvöxt. **Góð tekjuaukning af auglýsingasölu og heimatengingum.**
- **Fréttir Stöðvar 2 í opna dagskrá.** Auglýsingasala sjónvarps jókst um 67% milli ára.
- **Rekstrarkostnaður hækkaði í takt við verðlagsþróun** þegar leiðrétt er fyrir Já sem að kom inn í samstæðuna á seinni hluta árs 2023.
- **Stígandi verður í rekstrarhagnaði** samstæðunnar á síðari hluta ársins eftir því sem ávinningur skilvirkniverkefna verður sýnilegri
- **Ákveðið hefur verið að hætta að reka Já sem sjálfstæða einingu.** Unnið er að því að sameina og samþætta Já inn í félagið og verður allt starfsfólk Já fært inn í Sýn
- **Hluti af Endor** er í söluferli og gert ráð fyrir að sölu ljúki á þriðja ársfjórðungi
- Sýn tryggði sér **sýningarréttinn að ensku úrvalsdeildinni** tímabilin 2025-26, 2026-27 og 2027-28
- **Afkomuspá vegna ársins 2024** var gefin út 2. júlí sl. og er óbreytt, EBIT 900 til 1.100 m.kr.




FJÁRHAGSUPPGJÖR

FRÉTTIR AF STARFSEMINNI OG HORFUR


BREYTING Á EBIT SAMSTÆÐU SÝNAR FRÁ FYRRA ÁRI



FJÁRFESTINGAR Á 1H SÍÐUSTU 5 ÁR




NIÐURBROT Á SJÓÐSTREYMI Á ÁRINU




EFNAHAGUR - LYKILMÆLIKVARÐAR



Eiginfjárlutfall



Hreinar vaxtaberandi skuldir



REKSTRARREIKNINGUR



	2F 2024	2F 2023	% br.	6M 2024	6M 2023	% br.
Seldar vörur og þjónusta	5.482	5.632	-2,7%	11.416	11.493	-0,7%
Kostnaðarverð	-3.664	-3.540	3,5%	-7.746	-7.331	5,7%
Framlegð	1.818	2.092	-13,1%	3.670	4.161	-11,8%
Rekstrarkostnaður	-1.768	-1.518	16,5%	-3.501	-3.159	10,8%
EBITDA	1.042	1.583	-34,2%	2.421	3.080	-21,4%
EBIT	50	574	-91,3%	169	1.002	-83,1%
Hrein fjármagnsgjöld	-326	-296	10,0%	-645	-506	27,5%
Tekjuskattur	90	-8	-1186,6%	137	-13	-1133,6%
(Tap) hagnaður	-186	269	-169,1%	-339	483	-170,2%
<i>Framlegð</i>	<i>33,2%</i>	<i>37,1%</i>		<i>32,2%</i>	<i>36,2%</i>	
<i>EBITDA %</i>	<i>19,0%</i>	<i>28,1%</i>		<i>51,2%</i>	<i>26,8%</i>	
<i>EBIT %</i>	<i>0,9%</i>	<i>10,2%</i>		<i>1,5%</i>	<i>8,7%</i>	

Fjárhæðir eru í milljónum króna

Helstu þættir sem hafa áhrif á 6M 2024

- Tekjur dragast saman um tæplega 1% fyrstu 6 mánuði ársins. Óreglulegir tekjuliðir eins og IoT og búnaðarsala hjá Endor hafa áhrif til lækkunar. Góður vöxtur í fjölmiðlun og interneti.
- Kostnaðarverð nam 7.746 m.kr á fyrri helming ársins og jókst um 5,7% milli ára sem skýrist að mestu af hærri afskriftum sýningarrétta en afskriftir þeirra á fyrri helming ársins 2023 voru lægri vegna endursamninga við birgja sem skiluðu lækkun afskrifta upp á 366 m.kr. á tímabilinu. Þá má skýra nokkra hækkun í kostnaðarverði vegna samstarfssamnings við Viaplay sem ekki var til staðar á sama tímabili í fyrra auk Já sem kom inn í samstæðuna undir lok síðasta árs. Leiðrétt fyrir ofangreindum atriðum, lækkaði kostnaðarverð seldrar þjónustu um 3,6% milli ára.
- Rekstrarkostnaður nam 3.501 m.kr. á fyrri helming ársins og jókst um 10,8% milli ára. Leiðrétt fyrir innkomu Já, jókst rekstrarkostnaður samstæðunnar um 6%.
- Rekstrarhagnaður (EBIT) nam 169 m.kr. og tap eftir skatta 339 m.kr.
- Fjármagnsgjöld hækka í takt við hækkandi fjármagnskostnað



	2F 2024	2F 2023	% br.	6M 2024	6M 2023	% br.
Fjölmiðlun	2.407	2.227	8%	4.789	4.393	9%
Internet	1.161	1.095	6%	2.307	2.204	5%
Farsími*	937	951	-1%	1.871	1.861	1%
IOT	116	294	-61%	244	584	-58%
Fastlína	102	111	-8%	208	227	-8%
Hýsingar- og rekstrarlausnir	280	501	-44%	989	1.204	-18%
Vörusala	252	282	-11%	540	611	-12%
Aðrar tekjur	227	171	33%	469	409	15%
Samtals tekjur	5.482	5.632	-3%	11.416	11.493	-1%

*Farsímatekjur án IoT

Fjölmiðlun

Áframhaldandi vöxtur í auglýsingatekjum á öllum miðlum sem aukast um tæplega 15% á fyrri helming ársins. Auglýsingatekjur sjónvarps sem aukast um 81% á öðrum ársfjórðungi. Þá lækka tekjur af sjónvarpsáskriftum um tæplega 7% á fyrri helming ársins.

Internet

Tekjur af interneti hækka um 5% á fyrri helming ársins. Jákvæð þróun í heimatengingum en tekjur af heimatengingum hækka um rúmlega 6% á öðrum ársfjórðungi.

Farsími

Farsímatekjur hækka um 1% á fyrri helming ársins. Jákvæð þróun í farsímatekjum á fyrirtækjamarkaði (án IoT) sem hækka um tæplega 9% milli ára.

IoT

Tekjur af IoT lækka um 58% á fyrri helming ársins. IoT hefur sögulega verið töluvert sveiflukenndur tekjuliður en mikil þróun er að eiga sér stað í IoT tækninni og mörg tækifæri til vaxtar.

Hýsingar- og rekstrarlausnir

Neikvæður tekjuvöxtur kemur aðallega fram á öðrum ársfjórðungi. Lækkunin er tilkomin vegna minni búnaðarsölu



Eignir

	30.6.2024	31.12.2023	% br.
Fastafjármunir			
Leigugeignir	7.709	8.420	-8%
Rekstrarfjármunir	3.281	3.290	0%
Viðskiptavild	9.090	9.097	0%
Aðrar óefnislegar eignir	5.228	4.976	5%
Langtímaleigukröfur	132	141	-6%
Eignarhlutur í félögum	175	174	0%
Samtals	25.614	26.098	-2%
Veltufjármunir			
Sýningarréttir	2.201	2.008	10%
Birgðir	456	628	-27%
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakr.	5.363	5.576	-4%
Eignir í sölumeðferð	267	0	
Handbært fé	136	624	-78%
Samtals	8.423	8.837	-5%
Eignir samtals	34.037	34.935	-3%

Skuldir og eigið fé

	30.6.2024	31.12.2023	% br.
Eigið fé samtals	9.864	10.288	-4%
Langtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir	4.294	4.461	-4%
Leiguskuldbindingar	11.597	11.964	-3%
Tekjuskattsskuldbinding	17	152	-89%
Samtals	15.908	16.577	-4%
Skammtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir	2.963	1.779	67%
Leiguskuldbindingar	629	1.016	-38%
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímask.	4.393	5.275	-17%
Skuldir í sölumeðferð	280	0	
Samtals	8.264	8.070	2%
Eigið fé og skuldir	34.037	34.936	-3%
<i>Vaxtaberandi skuldir</i>	<i>19.482</i>	<i>19.220</i>	
<i>Hreinar vxt.ber. skuldir</i>	<i>19.346</i>	<i>18.596</i>	
<i>Eiginfjárhlutfall</i>	<i>29,0%</i>	<i>29,4%</i>	



FJÁRHAGSUPPGJÖR

FRÉTTIR AF STARFSEMINNI OG HORFUR



 **vodafone**

VÖXTUR Á EINSTAKLINGSMARKAÐI



Aukinn tekjuvöxtur á einstaklingsmarkaði og þá sérstaklega í heimatengingum

- Nýsala og fjölgun viðskiptavina í heimatengingum hefur ekki verið meiri hjá Vodafone síðan 2017. Nýsala á heimatengingum fyrir fyrstu 6 mánuði ársins jókst um 69% samanborið við 2023.
- Áhersla á heildræn viðskipti með fjarskipti og fjölmiðlun hafa einnig skilað lægra brottfalli viðskiptavina. Viðskiptavinum með heimatengingar fjölgaði um 5% milli 2023 og 2024.



NÝJUNGAR Á FYRIRTÆKJAMARKAÐI



Stöðugur tekjuvöxtur var í samningsbundnum endurkvæmum tekjum eins og interneti en lækkandi tekjur í farsíma sem skýrist af lækkandi IoT tekjum sem geta verið breytilegar.

Vaxandi samningshlutfall

- Endursamningshlutfall núverandi viðskiptavina er hátt sem endurspeglar ánægju viðskiptavina með þjónustuna.
- Nýir samningar við stór fyrirtæki með víðtækar þjónustur um allt land og innleiðing á þeim hefur gengið vel á fjórðungnum.

Internet í bíla - nýjung á Íslandi

- Samningur var undirritaður við Vodafone Global um innleiðingu á internettenginu í bíla með því að nota IoT tækni. Lausnin verður innleidd í samvinnu við bílaumboðin á Íslandi. Skemmtileg nýjung sem sýnir tækifærin með IoT tækni.





UPPBYGGING Á VERÐMÆTUM INNVIÐUM



- Afhending á stofnneti til Ljósleiðarans gengur vel
 - Kaupverðið, 3.000 m.kr. hefur borist í áföngum og verður að fullu greitt í byrjun október.
- **5G farnetsuppbyggingin heldur áfram á landsvísu.**
 - 168 5G sendar hafa verið settir upp, verða orðnir 200 í um 65 bæjarfélögum á Q1 2025.
- **Viðskiptavinir Sýnar geta nú tengst 5G hjá 135 fjarskiptafélögum í 65 löndum og fer ört stækkandi.**
- Uppbyggingu á 5G SA standalone (nýr 5G kjarni) miðar vel áfram og er partur af því að nýta 5G fjárfestingu Sýnar að fullu.





VEFMIÐLAR OG ÚTVARP



VÍSIR

BYLGJAN
989



B L A N D



- Lestur á Vísi eykst enn á milli ára
- **Auglýsingasala hefur aukist um 12% milli ára**
- Aukin framleiðsla á sjónvarpsefni
- Nýir tekjumöguleikar í pistlum og efni
- **Fjölgun á beinum útsendingum**
- Nýr sjónvarpsvefur á lokametrinum í hönnun og forritun
- Nýjar atvinnusíður væntanlegar



VINSÆLUSTU ÚTVARPSSTÖÐVARNAR



- Bylgjan er áfram vinsælasta útvarpsstöð landsins með tæplega 40% markaðshlutdeild á árinu
- Hlutdeild Bylgjunnar hjá konum hefur aukist um rúmlega 25% á árinu
- Heildarhlutdeild útvarpsstöðva Sýnar er að meðaltali 58% það sem af er ári.
- Auglýsingasala á útvarpsmiðlum er í stöðugum vexti
- Auknir tekjumöguleikar með nýjum vörum á borð við samfélagsmiðlakostanir á FM957 sem og kostun á útsendingum í mynd- og hljóðveri Bylgjunnar
- Ný útvarpsstöð Country Bylgjan bættist í flóruna og hefur hlotið jákvæðar undirtektir hlustenda



*Hjá hópnum 18-49 ára skv.rafrænum ljósvakamælingum Gallup



SPENNANDI HAUST Á STÖÐ 2



- Stefna Stöðvar 2 byggir á því að framleiða íslenskt hágæða sjónvarpsefni
 - Dregið úr erlendum innkaupum og efnisréttarsamningum
- 15 íslenskar þáttaraðir frumsýndar á Stöð 2 og Stöð 2+ í haust
 - Þar af þrjár leiknar þáttaraðir
- Fjöldi áskrifenda aukist um 4% á milli ára á Stöð 2+*
- Notkun áskrifenda Stöð 2+ aukist um 27% milli ára




*samanburður á stöðu áskrifenda í lok júní 2024 á móti lok júní 2023

KVÖLDFRÉTTIR Í OPINNI DAGSKRÁ



- Fréttagluggi Stöðvar 2 var opnaður í apríl 2024 eftir að hafa verið lokaður í rúm 3 ár
- Áhorf á kvöldfréttir og Ísland í dag hefur aukist um 48% frá því að fréttagluggi sneri aftur í opna dagskrá*
- Heildar aukning í auglýsingasölu sjónvarps á milli ára 67%

Fréttagluggi Stöðvar 2 | Dekkun á dag%



*Rafrænar ljósvakamælingar Gallup, 1 mín dekkun, vikur 8-15 og 16-23 2024.





- Rúmlega tvöföldun í auglýsingasölu milli ára
- Nýtt fyrirkomulag í Meistaradeild Evrópu - deildarkeppni leysir riðlakeppni af hólmi
- Allir landsleikir Íslands í Þjóðadeildinni í opinni dagskrá á Stöð 2 sport
- Útlit fyrir spennandi lokaspætt í bæði Bestu deildum kvenna og karla
- Nýr samningur við KKÍ undirritaður til fimm ára um útsendingar á Bónus deildum karla og kvenna
- Heimildapættir um körfuknattleikslið Grindavíkur tímabilið 2023/2024 í skugga náttúruhamfaranna í vinnslu



Enski boltinn kemur heim
í besta sætið



Premier League



 ENDOR

UMBREYTING ENDOR



- Ofurtölvusamningum tengt upphaflegum BMW samning aflagt við lok árs 2023 og upphaf árs 2024
 - Útskýrir minni veltu í þjónustutekjum
- Viðræðum við Hexatronic um sölu á ákveðnum einingum Endor miðar vel.
 - Ofurtölvuþjónusta og miðbúnaðarlausnir frá sérhæfðum birgjum til valinna viðskiptavina
 - Dótturfélög í Svíþjóð og Þýskalandi og umfangsmikill hluti af heildarveltu síðustu ára
- Áherslur á viðskiptavini sem nýta sér lausnir veittar í alrekstrarþjónustu gengið vel



FYRSTU 6 MÁNUÐIR ÁRSINS OG HORFUR



- Breyting á framkvæmdastjórn félagsins og skipulagsbreytingar á sviðum
- Áfram lögð áhersla á lækkun skulda og kostnaðaraðhald
- Unnið er að mótun nýrra stefnu fyrir Sýn sem verður kynnt markaðnum á fjárfestadegi Sýnar þann 7. nóvember nk.
- Áhersla er á samvinnu, skilvirkni og vöxt sem eru helstu drifkraftar vegferðar okkar til framtíðar.
- Afkomuspá vegna ársins 2024; EBIT 900 – 1.100 m.kr.



Spurningar?

Tekið er á móti fyrirspurnum í gegnum
netfangið fjarfestatengsl@syn.is



FYRIRVARI Á UPPGJÖRSKYNNINGU



Upplýsingar í þessari kynningu byggja á heimildum sem Sýn hf. telur áreiðanlegar á hverjum tíma. Ekki er þó ekki hægt að tryggja að fullu að þær séu óskeikular.

Allar upplýsingar í kynningu þessari eru í eigu Sýn hf. Kynningu þessa og upplýsingar sem í henni eru er óheimilt að afrita, breyta eða dreifa á nokkurn hátt, hvorki að öllu leyti né að hluta.

Þessi kynning er eingöngu hugsuð til upplýsingagjafar en ekki ætluð sem hluti af eða grundvöllur ákvarðanatöku þeirra aðila sem fá hana í hendur. Viðtakendur eiga því ekki að nokkru leyti að túlka innihald kynningarinnar sem loforð eða leiðbeiningar. Sýn hf. er ekki á nokkurn hátt skylt að veita viðtakendum kynningarinnar frekari upplýsingar um félagið né gera breytingar eða leiðréttingar á henni ef þær upplýsingar sem liggja til grundvallar breytast.

Sérhver yfirlýsing í kynningu þessari sem vísar til framtíðaráætlunar eða framtíðarárangurs er einungis spá um framtíðarhorfur félagsins, byggð á núverandi þróun, upplýsingum og áætlunum. Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissuþátta sem getur þýtt að

raunverulegur árangur verði umtalsvert frábrugðinn því sem spáð er í kynningu þessari. Ytri þættir á borð við framboð á fjármagni, gildistaka laga, áhrif eftirlitsaðila ásamt öðru geta því haft veruleg áhrif.

Sýn hf. mun ekki uppfæra framtíðarhorfur félagsins í kynningu þessari vegna aðstæðna sem munu til koma eftir að hún hefur verið sett fram. Sýn hf. bendir á að viðtakendur kynningar þessarar eiga ekki að treysta á staðhæfingar kynningarinnar á síðari tímum þar sem þær eiga eingöngu við á þeim degi sem kynningin er gefin út. Allar yfirlýsingar um framtíðarhorfur félagsins eru fullgildar í heild sinni með tilliti til þessara fyrirvara.

Með móttöku kynningar þessarar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.